



19. apríl 2023  
Tilv.: 2302058

Númer: 13/2020  
Dreifibréf til lífeyrissjóða

### **Efni: Lífeyrissjóðir og fjármálastöðugleiki**

Eitt meginhlutverk Seðlabanka Íslands er að stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfi geti staðist áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum. Auk þess ber bankanum að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Seðlabankinn rækir hlutverk sitt bæði með reglubundnu eindareftirliti og yfirsýn þjóðhagsvarúðar. Heilbrigt fjármálakerfi er forsenda stöðugleika og hagvaxtar.

Vegna stærðar sinnar gegna lífeyrissjóðir þjóðhagslega mikilvægu hlutverki, ekki aðeins þegar kemur að öflun lífeyristekna heldur einnig sem virkir þátttakendur á innlendum fjármála- og gjaldeyrismarkaði. Seðlabankinn fylgist grannt með þróuninni á lífeyrismarkaði og aðlagar starfsemi sína að þeim breytingum eftir því sem þörf er. Getur það bæði átt við um áhættumiðað eftirlit með einstaka lífeyrissjóðum, byggt á áhrifavægisflokkun, og beitingu þjóðhagsvarúðartækja vegna fjármálastöðugleika.

Kerfislegt mikilvægi lífeyrissjóða er mikið og fer vaxandi og hyggst Seðlabankinn auka samtál við lífeyrissjóði út frá sjónarmiðum fjármálastöðugleika og þjóðhagsvarúðar. Einnig er þörf á að efla framkvæmd álagsprófa tengd lífeyriskerfinu.

Með vísan til ofangreinds boðar Seðlabankinn til fundarraðar með forsvarsmönnum fjögurra stærstu lífeyrisjóðanna, hverjum sjóði fyrir sig. Markmið fundanna er að koma á gagnkvæmum vettvangi um horfur og áskoranir framundan á lífeyrismarkaði út frá sjónarmiðum fjármálastöðugleika.

Seðlabankinn býður stjórnarformanni og framkvæmdastjóra ásamt tveimur til þremur sérfræðingum sjóðsins til fundar hjá Seðlabankanum. Sjá dagskrá og nánari upplýsingar í viðhengi.

Af hálfu Seðlabankans taka þátt í fundinum varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, framkvæmdastjórar fjármálastöðugleikasviðs og varúðareftirlits ásamt sérfræðingi í áhættugreiningu.

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gunnar Jakobsson  
varaseðlabankastjóri  
fjármálastöðugleika

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
varúðareftirlit banka, lífeyrissjóða og  
vátrygginga

